

2019 nr. 30 15. maí**Lög um ökutækjatryggingar**

Tóku gildi 1. janúar 2020. EES-samningurinn: IX. viðauki tilskipun 2009/103/EB. Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og orðskýringar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að stuðla að traustri váttryggingarvernd vegfarenda og að ökutækji séu með lögmæltar ökutækjatryggingar.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi gilda um lögmæltar ökutækjatryggingar og skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækja.

□ Lögin gilda ekki í eftirfarandi tilvikum:

a. þegar ökutækji er notað í öðrum tilgangi en sem ökutækji,

b. þegar ökutækji tekur þátt í aksturskeppni á lokuðu svæði sem leyfi hefur fengist fyrir samkvæmt umferðarlögum.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Fríverslunar samtaka Evrópu eða Færeyjar.

2. *Græna kortið*: Alþjóðlegt váttryggingarskírteini útgefið af lögbærum aðila sem staðfestir að ábyrgðartrygging ökutækis sé í gildi.

3. *Lögmæltar ökutækjatryggingar*: Ábyrgðartrygging skv. 8. gr. og slysatrygging ökumanns og eiganda skv. 9. gr.

4. *Tjónsuppgjörsmiðstöð*: Lögaðili sem getur greitt bætur vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis við ákveðin skilyrði.

5. *Umráðamaður*: Aðili sem hefur umráð ökutækis með samþykki eiganda þess og er skráður þannig í ökutækjaskrá.

6. *Upplýsingamiðstöð*: Lögaðili sem aðstoðar við að afla nauðsynlegra upplýsinga vegna tjónamáls þegar tjónþoli er búsettur hér á landi, ökutækid váttryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér á landi eða tjónið er hér á landi, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

7. *Ökutækji*: Skráningarskylt ökutækji samkvæmt umferðarlögum.

II. kafli. Skaðabótaábyrgð vegna tjóns.**■ 4. gr. Grundvöllur ábyrgðar.**

□ Eigandi (umráðamaður) ökutækis skal bæta tjón sem hlýst af notkun þess þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á ökutækinu eða ógætni ökumanns.

□ Eigandi (umráðamaður) ökutækis sem notað er til dráttar er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar það dregur annað ökutækji. Tjón á ökutækji sem er dregið af öðru ökutækji vegna björgunarstarfar er undanskilið bótaábyrgð skv. 1. málsl. ef sannanlegt samþykki eiganda (umráðamanns) liggur fyrir.

□ Þegar ökutækji dregur eftirvagn eða annað tækji er fest við það telst það vera ein heild og eigandi (umráðamaður) ökutækisins er ekki skaðabótaskyldur ef tjón verður á eftirvagninum eða tækinu.

□ Bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfaranda má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni eða lést var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

□ Bætur fyrir tjón á munum má lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

■ 5. gr. Skipting tjóns.

□ Ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

■ 6. gr. Ábyrgð.

□ Eigandi ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 4. og 5. gr. Ef umráðamaður er skráður í ökutækjaskrá ber hann ábyrgðina og er fébótaskyldur skv. 4. og 5. gr. Fébótaskyldan færast þó yfir á þann sem notar ökutækid í algeru heimildarleysi.

□ Auk ábyrgðar skv. 1. mgr. fer um bótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

■ 7. gr. Undanþága.

□ Ákvæði 4.–6. gr. gilda ekki um létt bifhjól í flokki I samkvæmt umferðarlögum.

III. kafli. Váttryggingarskylda.**■ 8. gr. Ábyrgðartrygging ökutækis.**

□ Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns sem hlýst af notkun ökutækis skal vera tryggt með ábyrgðartryggingu hjá:

a. váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi útgefið hér á landi til að taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja eða

b. váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi í aðildarríki, enda hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt á lögformlegan hátt að það taki að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi.

□ Ábyrgðartrygging skal gilda í aðildarríkjum á grundvelli eins og sama iðgjalds. Váttryggingin skal veita þá váttryggingarvernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis eða þá váttryggingarvernd sem mælt er fyrir um í íslenskrí löggjöf þegar sú vernd er víðtækari. Váttryggingin skal gilda allt samningstímabilið þótt váttryggt ökutækji sé staðsett í öðru aðildarríki á því tímabili.

□ Váttryggingafélög sem taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi, sbr. 1. mgr., skulu vera aðilar að og taka þátt í starfsemi tjónsuppgjörsmiðstöðvar skv. 17. gr. og upplýsingamiðstöðvar skv. 18. gr.

□ Váttryggingafélag sem hyggst taka að sér ábyrgðartryggingu ökutækja hér á landi skal tilkynna það til Samgöngu-stofu.

□ Ábyrgðartrygging ökutækja skal tryggja bætur vegna líkamstjóns eða vegna missis framfaranda allt að 3.740 millj. kr. og vegna tjóns á munum allt að 433 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði.

□ Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, að breyta váttryggingarfjárhæðum skv. 5. mgr. Ákvörðun ráðherra um breytingu fjárhæða skal birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

■ 9. gr. Slysatrygging ökumanns og eiganda.

□ Auk ábyrgðartryggingar skv. 8. gr. skal hver ökumaður sem stjórnar ökutækji tryggður sérstakri slysatryggingu, enda hafi hann ekki notað ökutækid í algeru heimildarleysi, sbr. 1. mgr. 6. gr. Váttryggingin skal tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórna ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis, sbr. 4. gr.

□ Slasist váttryggingartaki sem farþegi í eigin ökutækji eða af völdum þess skal hann eiga rétt til bóta úr váttryggingu þessari, enda verði líkamstjónið rakið til notkunar ökutækis, sbr. 4. gr.

□ Vátryggingin skal tryggja hverjum tjónþola bætur allt að 280 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Vátryggt skal hjá sama vátryggingafélagi og ábyrgðartryggir ökutæk-ið. Um ákvörðun bótafjárhæðar fer eftir I. kafla skaðabóta-laga.

□ Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Fjármála-efirlitsins, að breyta vátryggingarfjárhæðum skv. 3. mgr. Ákvörðun ráðherra um breytingu fjárhæða skal birt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Ef tjónþoli á rétt á skaðabótum vegna slyssins eftir lögum þessum eða öðrum skaðabótareglum lækka bætur úr þessari vátryggingu sem því nemur.

■ **10. gr. Vátryggingarskylda.**

□ Vátryggingarskylda skv. 8. og 9. gr. hvílir á eiganda öku-tækisins. Heimilt er að semja um að umráðamaður ökutækis vátryggi það í sínu nafni og skal hann þá hafa val um hjá hvaða vátryggingafélagi hann vátryggir.

□ Eigi er skylt að vátryggja ökutæki í eigu ríkissjóðs.

□ Ráðherra getur veitt undanþágu frá því að ökutæki sem eru í eigu erlendra ríkja eða alþjóðastofnana hafi ökutækja-tryggingu.

□ Ef ökutæki er ekki vátryggt skv. 2. og 3. mgr. ber rík-issjóður ábyrgð á sama hátt og vátryggingafélag sem tekið hefur að sér vátryggingu skv. 8. og 9. gr.

□ Vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi skv. 10. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga um vátryggingastarfsemi, er skylt að veita lögboðnar ökutækjetryggingar sérhverjum þeim vátrygging-arskylda aðila sem undirgengst boðna vátryggingarskilmála.

■ **11. gr. Undanþága frá vátryggingarskyldu.**

□ Létt bifhjól í flokki I samkvæmt umferðarlögum eru und-anþegin vátryggingarskyldu skv. 8.–10. gr.

□ Ökutæki sem eru eingöngu ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki eru undanþegin vá-tryggingarskyldu skv. 9. gr.

■ **12. gr. Vátryggingariðgjald.**

□ Lögboðið vátryggingariðgjald ökutækis ásamt vöxtum og kostnaði hvílir sem lögveð á ökutækinu og gengur fyrir öll-um öðrum skuldbindingum sem á því hvíla í tvö ár frá gjald-daga nema gjöldum til ríkissjóðs. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Lögveðið fellur ekki niður við eigenda-skipti.

■ **13. gr. Lok vátryggingar.**

□ Hafi iðgjald, auk áfallins kostnaðar, eigi verið greitt inn-an 14 daga frá sendingu tilkynningar skv. 1. mgr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004, eða að liðnum greiðslufresti skv. 2. mgr. 32. gr. sömu laga, fellur vátryg-ging ökutækis úr gildi. Vátryggingafélagið skal þá þegar senda tilkynningu um það til Samgöngustofu. Falli vátrygging úr gildi af annarri ástæðu en vanskilum skal félagið tilkynna það Samgöngustofu þegar eftir að vátryggingin er fallin úr gildi.

□ Auk tilkynningar til Samgöngustofu skv. 1. mgr. skal fé-lagið gera eiganda ökutækis og umráðamanni, sé hann skráð-ur, viðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar.

□ Vátryggingafélag skal hvorki senda tilkynningu skv. 1. mgr. né gera eiganda ökutækis eða umráðamanni viðvart skv. 2. mgr. ef það hefur vitneskju um að ökutæki hafi verið vá-tryggt hjá öðru félagi, það afskráð eða skráningarmerki þess lögð inn til vörslu Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð til að taka við skráningarmerkjum. Framangreind tilvik telj-ast uppsögn vátryggingarsamnings og hafa sömu réttaráhrif

og lok vátryggingar. Skráningarmerki skal ekki afhenda aftur nema ökutækið hafi verið vátryggt að nýju.

□ Þegar Samgöngustofa fær tilkynningu skv. 1. mgr. og í ljós kemur að ökutækið hefur ekki verið afskráð og ný vá-trygging er ekki til staðar skal lögreglustjóri þar sem eigandi (umráðamaður) er skráður til heimilis hlutast til um að skrán-ingarmerki séu tafarlaust fjarlægð af ökutækinu.

IV. kafli. Réttarstaða tjónþola. Óvátryggð og óþekkt ökutæki.

■ **14. gr. Réttarstaða tjónþola.**

□ Vátryggingafélag ber áfram ábyrgð á tjóni gagnvart þriðja manni sem verður þótt ábyrgðartrygging sé fallin úr gildi þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að vátryggingafélag sendi Samgöngustofu tilkynningu skv. 1. mgr. 13. gr. eða skrán-ingarmerki voru lögð inn til Samgöngustofu, sbr. 3. mgr. 13. gr.

□ Vátryggingafélag ber ekki ábyrgð á grundvelli slysatryg-gingar ökumanns og eiganda, sbr. 9. gr., eftir að tilkynning skv. 1. mgr. 13. gr. hefur verið send eða skráningarmerki lögð inn til Samgöngustofu, sbr. 3. mgr. 13. gr.

■ **15. gr. Tjón af völdum óþekkra eða óvátryggðra öku-tækja.**

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð skal greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfaranda vegna slyss hér á landi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekktis ökutæk-is. Séu greiddar bætur fyrir líkamstjón skal jafnframt greiða bætur fyrir munatjón vegna sama tjónsatviks.

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð skal greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur hér á landi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir eða vá-trygging þess hefur verið felld niður af vátryggingafélagi eða ekki haldið í gildi.

□ Bætur skv. 1. og 2. mgr. greiðast allt að þeirri vátrygging-arfjárhæð sem er ákveðin í lögum þessum.

□ Bætur skv. 1. og 2. mgr. greiðast ekki ef tjónsupp-gjörsmiðstöð sýnir fram á að tjónþoli hafi vitað að ökutæki sem tjón hlýst af, og sem hann af fúsum vilja hefur tekið sér far í, hafi verið óvátryggt er tjónsatvikikið varð. Sama á við um tjón á munum sem fluttir eru með ökutæki hafi eigandi eða sendandi þeirra vitað að það hafi verið óvátryggt. Skaða-bætur eftir ákvæðum þessum skal ekki heldur greiða til að fullnægja endurkröfu frá þriðja manni.

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð bætir ekki tjón er ætla má að sé af völdum ökutækis sem undanþegið er vátryggingarskyldu og er í eigu ríkissjóðs Íslands, erlends ríkis eða alþjóðastofnun-ar. Ábyrgð á slíkum kröfum fer skv. 4. mgr. 10. gr.

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð á endurkröfurétt samkvæmt al-mennnum reglum íslensks réttar á hendur þeim sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum óvátryggðs ökutækis, þ.m.t. eiganda og ökumanni. Sama á við hafi félagið greitt bætur fyrir tjón af völdum óþekktis ökutækis, ef síðar upp-lýst um það. Í því tilvik á félagið einnig endurkröfurétt á hendur vátryggjanda ökutækisins. Ákvæði þessarar máls-greinar hagma ekki reglum um kröfur samkvæmt öðrum end-urkröfuheimildum.

■ **16. gr. Tímabundin notkun erlendra ökutækja.**

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð skal greiða skaðabætur vegna tjóns af völdum óvátryggðs erlends ökutækis sem um stundarsakir er notað hér á landi án þess að vera skráð hér.

V. kafli. Tjónsuppgjörsmiðstöð og upplýsingamiðstöð.**■ 17. gr. Tjónsuppgjörsmiðstöð.**

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð getur greitt bætur vegna tjóns af völdum ökutækis ef:

- a. tjónþoli er búsettur hér á landi,
- b. ökutækið er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki, eða ökutækið er óþekkt, eða ekki er unnt að hafa uppi á því váttryggingafélagi sem váttryggði ökutækið og
- c. tjónið varð í öðru aðildarríki eða í ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

□ Tjónsuppgjörsmiðstöð getur greitt bætur vegna tjóns af völdum ökutækja sem váttryggð eru hér á landi ef:

- a. tjónþoli er búsettur í öðru aðildarríki,
- b. ökutækið er að jafnaði staðsett í öðru aðildarríki en þar sem tjónþoli er búsettur og
- c. tjónið varð í öðru aðildarríki en þar sem tjónþoli er búsettur eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

■ 18. gr. Upplýsingamiðstöð.

□ Upplýsingamiðstöð aðstoðar við að afla grundvallarupplýsinga sem eru nauðsynlegar við meðferð tjónamáls ef tjónþoli er búsettur hér á landi, ökutækið er váttryggt eða að öllu jöfnu staðsett hér á landi, eða tjónið varð hér á landi. Þetta gildir þó því aðeins að:

- a. tjónþoli sé búsettur í aðildarríki,
- b. ökutækið sé váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í aðildarríki,
- c. tjónið hafi orðið í aðildarríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

VI. kafli. Greiðsluskylda og endurkröfuréttur.**■ 19. gr. Greiðsluskylda og endurkröfuréttur.**

□ Váttryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna skv. 1. mgr. 8. gr.

□ Nú hefur váttryggingafélag greitt bætur skv. 8. gr. og á þá félagið endurkröfurétt á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum. Ef váttryggingafélag greiðir bætur eftir að váttrygging er fallin niður skv. 14. gr. á það endurkröfu á hendur hverjum þeim sem valdið hefur tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

□ Óheimilt er að kaupa váttryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags.

■ 20. gr. Endurkröfunefnd.

□ Ráðherra skipar nefnd þriggja manna sem ákveður hvort beita skuli endurkröfurétti vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings þess sem ábyrgð ber á tjóni sem váttryggingafélag hefur bætt samkvæmt lögum þessum. Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu váttryggingafélaga þeirra sem viðurkenningu hafa skv. 8. gr., einn eftir sameiginlegri tilnefningu Félags íslenskra bifreiðaæigenda og Samtaka verslunar og þjónustu og einn án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Ef tilnefningaraðilar koma sér ekki saman um tilnefningu skipar ráðherra án tilnefningar. Skipunartími nefndarinnar skal vera þrjú ár.

□ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði en váttryggingafélög skulu endurgreiða þann kostnað.

VII. kafli. Bótakröfur.**■ 21. gr. Meðferð skaðabótamála.**

□ Nú er bótakrafa skv. 4. og 5. gr. höfð uppi í sakamáli og

skal þá tilkynna því váttryggingafélagi sem hefur ábyrgðartryggt ökutækið um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu enda er þá áfellingisdómur bindandi fyrir váttryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

□ Um meðferð bótakröfu í einkamáli fer eftir 44. gr. laga um váttryggingarsamninga.

■ 22. gr. Bætur hærri en váttryggingarfjárhæð.

□ Ef bætur vegna tjóns eru ákveðnar hærri en váttryggingarfjárhæðinni nemur skal skipta henni að tiltölu á milli þeirra sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig þótt váttryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

□ Ef einhver þeirra sem bótarétt eiga skv. 1. mgr. hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði má váttryggingafélagið vítalaust greiða váttryggingarfjárhæðina að fullu öðrum þeim er bótarétt eiga.

■ 23. gr. Fyrning bótakrafna.

□ Bótakröfur samkvæmt lögum þessum, aðrar en kröfur um bætur fyrir líkamstjón, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, fynast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fynast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

□ Kröfur um bætur fyrir líkamstjón fynast á tíu árum frá tjónsatburði.

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.**■ 24. gr. Eftirlit.**

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirlitsskylda aðila samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

■ 25. gr. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- a. starfshætti endurkröfunefndar skv. 20. gr., þar á meðal hvernig váttryggingafélög senda nefndinni gögn um bótakröfur,

- b. framkvæmd váttryggingarskyldu skv. 10. gr., þar á meðal skyldu váttryggingafélaga til að taka þátt í gagnkvæmu ábyrgðarkerfi vegna tjóna af völdum óváttryggðra og óþekktra ökutækja og skyldu váttryggingafélaga til að gefa út vottorð með upplýsingum um skaðabótakröfur vegna tjóns sem varða váttryggt ökutæki eða að ekki sé um slíkar kröfur að ræða.

□ Ráðherra getur sett reglugerðir um:

- a. þátttöku váttryggingafélaga í tjónsuppgjörsmiðstöð skv. 17. gr. og upplýsingamiðstöð skv. 18. gr.,

- b. undanþágur frá váttryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum vegna tiltekinna ökutækja skv. 10. gr.,

- c. greiðslu bóta vegna tjóna er ökutæki, sem undanþegin eru váttryggingarskyldu skv. 2. og 3. mgr. 10. gr., valda erlendis,

- d. greiðslu bóta frá tjónsuppgjörsmiðstöð og um starfsemi hennar skv. 17. gr.; hann getur enn fremur kveðið á um nánari reglur um meðferð bótakrafna hjá váttryggingafélögum og tjónsuppgjörfulltrúum váttryggingafélaga,

- e. starfsemi upplýsingamiðstöðvar skv. 18. gr., þar á meðal hvaða upplýsingar falla undir 1. málsl. 18. gr., um skyldu váttryggingafélaga og tjónsuppgjörfulltrúa til að láta upplýsingamiðstöð og upplýsingaskrifstofum í öðrum aðildarríkjum í té upplýsingar,

f. heimild til að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og váttryggingu vegna akstursíþrótta og aksturskeppni.

¹⁾ Rg. 1244/2019.

■ **26. gr. Innleiðing.**

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að

fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2011 frá 21. október 2011.

■ **27. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

□ ...